

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2013

FINNLAND

KERRON SINULLE KAIKEN

ÁGRIP

Maarit er falleg, gáfuð og kynþokkafull kona – sem var áður karlmaður. Afleiðingar kynskiptiaðgerðarinnar eru þær að hún hefur misst sambandið við dóttur sína lífið sem hún lifði. Þegar hún hittir og verður ástfangin af Sami, knattspyrnuþjálfara, kennara og fjölskylduföður, finnst henni loksins sem hún „passi“ einhvers staðar. En sambandið verður fljótt þolraun fyrir Sami. Í heimi sem álítur Maarit furðudýr, er Sami þvingaður til að takast á við eigin fordóma, sem rista djúpt. En Maarit þarf, með eða án Sami, að taka skref inn í nýja veröld þar sem hún ein getur ákveðið hvar hún á heima.

UM MYNDINA

Simon Halinen fékk hugmyndina að myndinni á meðan hann fékk sér blund síðdegis á laugardegi. Hann dreymdi hreingerningakonu, sem er ein á skrifstofu sálfræðings. Síminn hringir, hún svarar og í símanum er maður í uppnámi. Hreingerningarkonan læst vera sálfræðingurinn og býðst til að aðstoða manninn. Þegar hann hugsaði um drauminn fannst leikstjóranum að einungis mjög einmana kona gæti hagað sér svona undarlega, eða kona sem ber þunga byrði sjálf. Nokkrum vikum seinna datt honum í hug að hreingerningarkonan gæti verið transkona, og fannst hann þá vera kominn með hugmynd að óvenjulegri kvikmynd. Halinen ákvað engu að síður að gera kynferðislega sjálfsmynd ekki að meginefni myndarinnar heldur „hvernig hægt er að takast á við lífið þegar viðkomandi felur eigin tilfinningar fyrir samferðamönnum sínum“.

Kvikmynd Susanne Bier *Elsker dig for evigt* og persónurnar í myndinni veittu leikstjóranum innblástur. Leea Klemola var fengin til að leika transkonuna Maarit vegna þess að „hún færði myndinni svolítið hættulega vídd.“

Myndin var frumsýnd í Finnlandi þann 8. mars 2012 og fékk mjög góða gagnrýni. Hún hlaut Hand of Humanism heiðursverðlaunin á Viitasaari kvikmyndavikunni og og var markaðsfrumsýnd á European Film Market í Berlín 2013.

LEIKSTJÓRI-HANDRITSHÖFUNDUR, SIMO HALINEN

Simo Halinen sem fæddur er árið 1963 hefur skrifað og leikstýrt bæði kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Meðal sjónvarpsverkefna má nefna sjónvarpsmyndina *Minerva* (1997), sjónvarpsþáttaröðina *The Girl with a Pig Tale* (2004) og svarta kómedíu í þremur hlutum, *Golden Retriever* (2007). Fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd var *Cyclomania* (2001) og *Kerron sinulle kaiken* er önnur kvikmynd hans í fullri lengd.

Halinen hefur einnig skrifað tvær skáldsögur: *Idänsydänsimpukka* (2004) og *Lemmenomenia* (2008).

FRAMLEIÐANDI, LIISA PENTTILÄ

Liisa Penttilä-Askainen stofnaði eigin framleiðslufyrirtæki, Edith Film, árið 2001 í samstarfi við Zentropa. Hún var meðframleiðandi *Dogville* eftir Lars von Trier og aðstoðarframleiðandi *Manderlay*. Hún framleiddi *Väärät juuret* eftir Saara Saarela sem var tilnefnd til Jussi verðlaunanna fyrir besta leikara. Ári seinna framleiddi Penttilä-Askainen sjónvarpsmyndina *Vaktmästaren* eftir Jan Forsström; hún var meðframleiðandi *Råtta Booris parantaa tapansa* teiknimyndaraðar fyrir börn eftir Leena Jääskelainen og Kaisa Penttilä, og einnig þýsku myndarinnar *Summer Window* eftir Hendrik Handloegten.

Síðan starfaði hún með Aku Louhimies við mynd hans *VUOSAARI* sem hlaut CICA Art Cinema verðlaunin á Festoia kvikmyndahátíðinni árið 2012.

Eftir að hafa unnið með Simon Halinen við sjónvarpsþáttaröð hans *Golden Retriever* (2007), framleiddi Penttilä kvikmynd hans *Kerron sinulle kaiken*, sem frumsýnd var í Finnlandi árið 2013.

Væntanlegar myndir frá henni eru m.a. *Boy Upside Down* eftir Juha Lehtola með Kari Hietalahti, Maria Heiskanen og Tommi Korpela í aðalhlutverkum og spennumynd Louhimie, *Ultimate Fight*.

Penttilä-Askainen var tilnefnd „Producer on the Move“ í Cannes 2012.

HELSTU FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Upprunalegur titill	Kerron sinulle kaiken
Leikstjóri	Simo Halinen
Handritshöfundur	Simo Halinen
Framleiðandi	Liisa Penttilä
Aðalhlutverk	Leea Klemola, Peter Franzén, Riia Kataja, Emmi Nivala,
Framleiðslufyrirtæki	Edith Film
Lengd	95 mín
Dreifing innanlands	Future Film Distribution
Alþjóðleg dreifing	The Yellow Affair